

Styrkir til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla - afgreiðsla umsókna

Til : Erla Bil Bjarnardóttir
Frá : jbj@os.is
Heiti : Styrkir til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla - afgreiðsla umsókna
Málsnúmer : 1606494
Málsaðili : Orkustofnun
Skráð dags : 04.01.2017 14:10:48
Höfundur : jbj@os.is

Tilvísun í mál: OS2016090033

Sæll Jón Steinar

Umsóknarfrestur um styrki til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla rann út 1. október 2016. Alls bárust 33 styrkumsóknir, samtals að upphæð 887,2 milljónir króna. Til ráðstöfunar voru 201 milljón. Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs fjallaði um umsóknirnar á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð og verklagsreglna nefndarinnar nr. 654, 29. júní 2016. Nefndin afgreiddi tillögur sínar um afgreiðslu umsóknanna til iðnaðar- og viðskiptaráðherra á fundi 22. nóvember 2016.

Með bréfi dags. 22. desember 2016, staðfesti ráðherra tillögur nefndarinnar. Í bréfinu er Orkusjóði falið að tilkynna umsækjendum um afgreiðslu umsóknanna.

Eins og fram kemur í rammanum/töflunni hér fyrir neðan, þá var samþykkt að veita styrk til uppsetningar á 1 hraðhleðslustöð við Garðatorg 6 í Garðabæ. Styrkupp hæðin nemur 50% (hámarksstyrkur) af áætluðum kostnaði við hraðhleðslustöðvarnar skv. umsókn.

Samningur til undirritunar vegna styrkveitingarinnar verður sendur fljótlega.

Styrkir til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla			Hrað	Semi	
2017	Garðatorg 6	Garðabær	1		3.260.000
		Garðabær samtals	1	0	3.260.000

Bestu kveðjur

Orkusjóður

Jakob Björnsson
Sími: 569 6083 - 894 4280
Fax: 569 6123

Fyrirvari /Disclaimer <http://www.os.is/disclaimer>